

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis,
Móholt/Hjallatangi, Stykkishólmsbæ.**

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti 30. apríl 2019, breytingu á deiliskipulagi við Móholt/Hjallatanga sem nær til tveggja lóða við Hjallatangann sem merktar eru E1. Í breytingunni felst að heimilað er að byggja tvær til þrjár íbúðir á hvorri lóð. Heimilt er hafa innbyggða bílskúra þó að leiðbeinandi staðsetning sé felld út. Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum við hverja íbúð. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 9. maí 2019.

Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2019